



Brú yfir Reykjadalásá í Dalasýslu. Spennukaplar strektir 19. mars 2014. Sigurður Hallur Sigurðsson og Guðjón Valgeir Guðjónsson starfsmenn í brúarvinnuflokki Vegagerðarinnar frá Hvammstanga.

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni fimm rannsóknarskýrslna. Finna má skýrslurnar í heild á www.vegagerdin.is undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“

Ídráttarrör úr riffluðu plasti fyrir spennikapla

Gylfi Sigurðsson Vegagerðinni, janúar 2015

Kostir ídráttarröra úr riffluðu plasti, umfram hefðbundin riffluð ídráttarrör gerð úr stálrenningum er að þau eru tæringarþolin, hægt er að fá þéttar samsetningar og þau má þrýstiprófa og er þá miðað við 0,1 bara eða 10 kPA loftþrýsting. Í því felst að tæringarvaldar komast ekki að spennistálinu. Enda voru riffluð ídráttarrör úr stáli hugsuð sem leið gegnum mannvirkið fyrir kapla, en ekki vörn fyrir þá á sama tíma. Með ídráttarrörum úr plasti opnast

möguleikar á að ídráttarleiðin sé einnig þétt og þannig bætist við eitt varnarlag. Annar athyglisverður kostur við ídráttarrör úr plasti er að skv. tilraunum hafa þau reynst þétt þrátt fyrir tiltölulega víðar og virkar sprungur. Markmið verkefnisins var að kanna hver þróun hefði verið í notkun slíkra ídráttarröra úr plasi, hvort komið hafi fram einhverjir gallar og þá í framhaldinu hvort Vegagerðin eigi að skoða notkun þeirra í stað ídráttarröra úr stálrenningum.

Í skýrslunni er greint frá breskum rannsóknum sem tengjast málinu, meðal annars hvað varðar rörin sjálf, grautun í rörin og fleira. Meðal þátta sem eru taldir kostir við ídráttarrör úr plasti er tæringarþol og að þau þetta betur gegn aðkomuefnum. Samkvæmt upplýsingum í skýrslunni er nú eingöngu leyft að nota ídráttarrör úr plasti í Bretlandi. Þá er greint frá rannsóknum og reynslu í Bandaríkjunum

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 4. tbl. 23. árg. nr. 644 2. mars 2015

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafæni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

um tæringarvarnir, grautun og fleira. Þar kemur m.a. fram að plaströr komu betur út úr ýmsum prófunum en stálrör og lagt til að þau séu notuð í öllum tilvikum, jafnvel þó umhverfisáreiti sé takmarkað.

Miðað við kostnaðarforsendur frá Danmörku, eru ídráttarör úr plasti tæplega helmingi dýrari á metra en úr málm. En ef tekið er dæmi um 48 m langa brú með 8 köplum þá er kostnaðaraukningin við að nota plaströr hverfandi, eða innan við 200 þúsund kr. Höfundur dregur þá ályktun að sterk rök virðist hníga að því að innleiða ídráttarör úr plasti í allar nýjar brýr Vegagerðarinnar, vegna yfirburða þeirra varðandi tæringarvarnir. Þó þarf að skoða hvaða kerfi séu fánleg, samsetningar þeirra, tengingar við festur o.s.frv.

Öryggi og umferð hjólréidamanna um gatnamót

Verkfræðistofan Efla, janúar 2015

Tilgangur verkefnisins var að afla upplýsinga frá nágrannalöndum okkar um það hvernig umferð hjólréidamanna við mismunandi aðstæður á gatnamótum og þar sem stígar þvera götur er meðhöndluð. Í skýrslunni er vitnað til samantektar Vegagerðarinnar um slys með alvarlegum meiðslum á tímabilinu 2011-2013, þar sem fram kemur



Hjólað í París.

að tveir þriðju hlutar slysa þar sem hjól og bifreið koma við sögu, eru á gatnamótum. Markmiðið var að gera upplýsingar um mismunandi útfærslur aðgengilegar og þannig leggja grunn að betri ákvörðunum þegar slíkar lausnir eru valdar. Upplýsinganna var aflað gegnum tengslanet NVF (Norræna vegasambandsins) auk þess sem fyrirspurn var send á aðra aðila sem vitað var að hefðu eitthvað fram að færa.

Teknar eru saman niðurstöður út frá upplýsingum og ábendingum sem bárust. Engin töfralausn er til og lausnir þarf að miða við aðstæður á hverjum stað. Þar skiptir pláss miklu máli og góð útfærsla getur orðið mjög slæm ef henni er ekki ætlað nægilegt pláss. Samspil hefðbundins umferðaröryggis (tölfræði) og öryggistilfinningar skiptir líka miklu máli og „litlu skiptir að byggja öruggustu lausnina ef engin vill nota hana“, eins og haft er eftir einum af þeim sem veitti upplýsingar vegna verkefnisins.

Heildar niðurstöður verkefnisins sem tengjast útfærslu gatnamóta m.t.t. hjólréidamanna og umferðaröryggis eru í skýrslunni dregnar saman í þrjú atriði; Sýn: Mikilvægt er að ökumenn og hjólréidamenn geti séð hvorn annan til að geta brugðist við; Forgangur: Útfærsla gatnamóta þarf að gefa skýr skilaboð um það hver eigi að víkja fyrir hverjum; Og hraði: Með því að tryggja að hraði akandi og hjólandi sé í samræmi við hönnun er auðveldara fyrir báða aðila að bregðast við óvæntum atvikum, auk þess sem afleiðingar óhappa verða þá minni.

Öryggi vatnasvæða í nágrenni vega

Verkfræðistofan Efla, febrúar 2015

Vatnatilskipun Evrópusambandsins var samþykkt sem lög frá Alþingi í apríl 2011. Lögunum er ætlað að koma í veg fyrir frekari rýrnun vagnsgæða og bæta ástand þar sem það á við. Í skýrslunni er fjallað frekar um vatnatilskipunina og hvað í henni felst, bæði hvað varðar markmið og kröfur. Annars var markmið verkefnisins að finna leiðir til að lágmarka mengun yfirborðsvatns af völdum umferðar og setja fram lausnir sem miða að verndun vatns og vatnasvæða og stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns út frá tilskipuninni.

Fram kemur að vinna við innleiðingu vatnatilskipunarinnar



Manngerð settjörn við Elliðaár sem tekur við yfirborðsvatni frá Breiðholtshlíðum.

er lengra komin á hinum Norðurlöndunum og því gafst gott tækifæri til að kanna hvaða lausnir eru valdar þar og hvað ræður vali þeirra. Í verkefninu var þetta skoðað og mælt með að nota sama kerfi og notað er í Svíþjóð.

Settar eru fram fjórar mismunandi tillögur að ofanvatnslausnum. Lausnirnar eru háðar aðstæðum á hverjum stað. Aðstæðurnar miðast við magn mengunarefna í afrennslisvatni og tegund viðtaka. Ofanvatnslausnir byggja á ofanvatnsrásum, ofanvatnslögnum, settjörnum og endurheimt staðargróðurs á svæðinu. Fjallað er um hönnun lausnanna og viðhald þeirra. Þá er fjallað um gróðursvæði meðfram vegum, gróðurfar tengt ofanvatnslausnum, með hvaða hætti megi flýta fyrir endurheimt staðargróðurs og lágmarka hættu á að rof myndist við framkvæmdasvæði vega og uppbyggingu vega með tilliti til ofanvatns.

Í lokaorðum skýrslunnar er bent á að mengun frá vegum þykir að jafnaði ekki jafn alvarleg og mengun frá ýmsum

öðrum athöfnum manna, s.s. frá iðnaði og fráveitum. Umferð á dreifbýlisvegum á Íslandi eru að jafnaði lítil og því ekki mikil mengun frá slíkum vegum. Í þéttbýli er umferð hins vegar mun meiri. Í alþjóðlegu samhengi er oft miðað við umferðina 15.000 ökutæki/sólarhring sem mark um að ofanvatnslausna sé þörf. Nágrannalönd okkar tíðka þó ofanvatnslausnir við mun minni umferð, þó sjaldnast þegar umferð er komin undir 2.000 ökutæki/sólarhring. Það er því helst í þéttbýli hérlendis sem ofanvatnslausna er þörf og hugsanlega við sérstakar aðstæður í dreifbýli.

Malbiksslit

Verkfræðistofan Efla janúar 2015

Tilgangur verkefnisins, sem hófst í ágúst 2011, var að kanna hvort hægt væri að meta slit malbikaðra slitlaga og tengja það ýmsum ytri þáttum, með því að nota þrívíddar laser skanna, Trimble VX alstöð. Kostur slíkrar mælingar



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 23. febrúar 2015. Búið er að sprengja samtals 3.804 m sem er 52,8% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is



Norðfjarðargöng, staða framkvæmda 21. febrúar 2015. Búið er að sprengja samtals 5.441 m sem er 71,9% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.austurfrett.is

umfram venjulegar hjólfaramælingar í þversniðum, er að við þetta ættu að fást nákvæmar upplýsingar um hversu mikið af malbikinu slitnar burtu, með samanburði milli mælinga á mismunandi tímum. Við venjulegar hjólfaramælingar með réttsskeið, skortir fasta viðmiðunarpunkta til að þetta sé hægt.

Í verkefninu var mælt á fjórum stöðum í Reykjavík og nágrenni. Ýmis vandkvæði komu upp við mælingarnar og tókust þær ekki. Talið var að mælitækið væri ekki heppilegt til að mæla malbiksyfirborð, sem er dökkt og frekar gróft. Niðurstöður sýndu mjög óreglulegt yfirborð malbiksins. Heildarniðurstaða verkefnisins var að sú aðferð sem lagt var upp með hentaði ekki til að fylgjast með þróun á yfirborði slitlaga.

Öryggisúttekt hjólastíga

Hörður Bjarnason, Mannviti og Árni Davíðsson, Landssamtökum hjólréiðamanna, febrúar 2015

Öryggisúttekt hjólastíga er aðferð til að gera kerfisbundið og reglubundið mat á aðgengi, þægindum og öryggi á stígum, stígamótum og umhverfi stíga. Í skýrslunni eru leiðbeiningar um gerð slíkra öryggisúttekta, byggðar á dönskum aðferðum, sem hafa verið aðlagðar íslenskum aðstæðum.

Fjallað er ítarlega um framkvæmd öryggisúttektar, sem skipt er upp í sex skref. Fyrsta skrefið er að leggja grunn að samkomulagi milli verkkaupa og þess sem sér um úttektina. Næsta skref er upplýsingaöflun, s.s. hjólastígakort, slysakort og umferðartalningar ef þær eru fyrir hendi. Þriðja skrefið er sjálf framkvæmdin. Öryggisúttektin skal ávalt fara fram á hjóli og gert hefur verið smáforrit (app) fyrir farsíma og spjaldtölvur til að fylla út við framkvæmd úttektarinnar. Þá er tiltekinn annar búnaður sem þarf að hafa með. Gert er ráð fyrir að úttektin sé gerð á tímabilinu apríl til október. Þegar úttekt er lokið er fjórða skrefið að gera úttektarskýrslu og er gerð tillaga um kaflaskiptingu hennar. Fimmta skrefið er miðlun upplýsinga, en það er í aðalatriðum hlutverk verkkaupans. Þessari upplýsingamiðlun er m.a. ætlað að mynda lærdómsgrundvöll, þannig að komið verði í veg fyrir mistök og misræmi í útfærslum og hönnun. Síðasta skrefið er svo falið í að útbúa og forgangsraða aðgerðarlista sem úttektin hefur leitt til.

Auk áður nefndra leiðbeininga eru í skýrslunni tiltekin dæmigerð mistök og gallar sem höfundar benda á, bæði varðandi hönnun og útfærslu og rekstur og viðhald.

Þá er sett fram dæmi um öryggisúttekt hjólastígs, Fossvogsstígs frá Fossvogsbúri yfir Kringlumýrarbraut að hringtorgi við Elliðaár. Fleiri slíkar skýrslur verður að finna á vef Landssamtaka hjólréiðamanna (www.lhm.is).



Hjólastígur í Fossvogi.

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Suðursvæði og Austursvæði 2015, blettanir með klæðingu 15-006

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í blettanir með klæðingu á Suðursvæði og Austursvæði á árinu 2015.

Helstu magnbólur:

Blettun (k1) útlögn á Suðursvæði 100.000 m²
Blettun (k1) útlögn á Austursvæði 78.500 m²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. mars 2015. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 17. mars 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Stykkishólmur, breyting á ekjubrú 15-019

Tilboð opnuð 17. febrúar 2015. Hafnarstjórn Stykkishólmsbæjar óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir eru:

Stálsmiði og galvanhúðun 1.350 kg
Steypusögun og -brot 2 m³
Jarðvinna

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. maí 2015.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1	Skipavík ehf., Stykkishólmi *	8.495.538	116,4	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	7.300.000	100,0	-1.196

* Skipavík skilaði jafnframt inn frávikstilboði.

Efnisvinnsla á Austursvæði 2015 - 2016 15-021

Tilboð opnuð 17. febrúar 2015. Efnisvinnsla í átta námum á Austursvæði.

Helstu magnbólur eru:

Klæðingarefni 18.400 m³
Malarslitlag 6.000 m³

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. júlí 2016.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	91.160.000	100,0	9.916
1	Myllan ehf., Eglisstöðum	81.244.400	89,1	0

Auglýsingar útboða

Viðhald malarvega á Suðursvæði 2015-2016, vegheflun 15-023

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vegheflun og endurmótun vega á Suðursvæði 2015-2016. Þjónustustöðvar verkkaupa eru í Vík í Mýrdal, á Selfossi og í Hafnarfirði.

Helstu magnbólur á ári eru:

Svæði 1 (Vík) 500 km
Svæði 2 (Selfoss) 700 km
Svæði 3 (Hafnarfjörður) 300 km

Verklök eru 31. desember 2016.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. mars 2015. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 17. mars 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlagnir á Austursvæði 2015, klæðing 15-001

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Austursvæði á árinu 2015.

Helstu magnbólur eru:

Yfirlagnir 275.930 m²
Hjólfor 79.210 m²
Flutningur steinefna 4.4840 m³
Flutningur bindiefna 581 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. mars 2015. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 17. mars 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Viðgerðir á malbikuðum slitlögum á Suðursvæði 2015 - 2016 15-0241

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í viðgerðir á malbikuðum slitlögum á Suðursvæði, frá 1. apríl 2015 til 1. apríl 2017.

Helstu magnbólur ár hvert:

Viðgerð með fræsun 3.750 m²
Viðgerð með sögun 420 m²
Viðgerð með geislahitun 1.000 m²
Viðgerð með íkasti 450 m²

Verki skal að fullu lokið 1. apríl 2017.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. mars 2015. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 17. mars 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlagnir á Norðursvæði 2015, klæðing 15-002

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Norðursvæði 2015.

Helstu magnbólur eru:

Yfirlagnir með einföldu lagi klæðingar 363.910 m²
Flutningur steinefna 5.315 m³
Flutningur bindiefnis 641 tonn

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavogi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. mars 2015. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 17. mars 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Þessi merking er við vinnusvæði í vesturbæ Reykjavíkur. Þarna hefur einstefnugötu verið lokað að hluta og tekin upp tímabundin tvístefna. Ágæt merking en samt er eitthvað ekki alveg eins og það á að vera.



Svalvogavegur eda Kjaransbraut. Árið 1973 tók Elís Kjaran Friðfinnsson, bóndi og ýstustjóri frá Kjaransstöðum í Dýrafirði, sér fyrir hendur ásamt Ragnari syni sínum, að brjótafást með veg í Svalvoga í Dýrafirði á lítilli jarðýtu. Þurfti Elís að naga sillu í lóðrétt bergið með ýtunni. Sumarið eftir hélt hann áfram með veginn í Lokinhamradal. Árið 1983 hélt Elís vegagerðinni enn áfram þar til komið var í Stapadal, sjá myndir hér til hægri. Elís skrifaði frásögn af þessari vegagerð og kom hún út í litlu hefti „Svalvogavegur“ hjá Vestfirska forlaginu árið 2007.

Efri myndin á þessari blaðsíðu sýnir tæpa vegarkafinn í Dýrafirði eins og hann lítur út í dag. Nedri myndin er tekin undir Skútabjörgum í Arnarfirði og í baksýn má þar sjá í Stapann sem einnig sést á myndinni til hægri. Vegurinn undir Skútabjörgum er sléttadur snemmsumars ár hvert og gerður samilega fær en myndin var tekin í lok ágúst 2014 og þá hafði brimað talsvert og grjót borist í slóðina. Hún var því illfær nema vel búnum jeppum. Þarna þarf að sæta sjávarföllum og fara um í fjöru. Fyrir þann sem finnst gaman að ljósmynda vegi og vegslóða er þetta stórkostlegt svæði.



Þá . . .



. . . og nú

Gamla myndin er úr safni Jóns J. Víðis og merkt svo „Endi á ruðningsvegi utan við Stapadal í Arnarfirði“ Önnur mynd úr Stapadal í safninu, sem líklega hefur verið tekin í sömu ferð, er merkt með ártalinu 1969. Þarna hefur litlu verið breytt en þó búið að ryðja slóðina áfram og gera jeppafæran sumarveg.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
15-018 Örylgshafnarvegur (612), Skápadalur - Rauðasandsvegur	2015
15-017 Hvítársíðuvegur (523) um Bjarnastaði	2015
15-012 Búrfellsvegur (351) Búrfell - Þingvallavegur	2015
15-009 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2015, repave/fræsing og malbik	2015
15-007 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2015, malbik	2015
15-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2015, malbik	2015
15-003 Yfirlagnir á Suðursvæði 2015, klæðing	2015
15-004 Yfirlagnir á Vestursvæði 2015, klæðing	2015
15-015 Norðfjarðarvegur (92), brú á Eskifjarðará	2015
15-010 Kokkálsvíkurböfn, endurbygging furubryggju	2015
14-003 Hringvegur (1) um Jökulsá á Fjöllum, brú og vegur	2015
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2015
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
15-024 Viðgerðir á malbikuðum slitlögum á Suðursvæði 2015-2016	03.03.15 17.03.15
15-023 Viðhald malarvega á Suðursvæði 2015-2016, vegheflun	03.03.15 17.03.15
15-002 Yfirlagnir á Norðursvæði 2015, klæðing	03.03.15 17.03.15
15-006 Yfirlagnir á Suðursvæði og Austursvæði 2015, blettanir með klæðingu	03.03.15 17.03.15
15-001 Yfirlagnir á Austursvæði 2015, klæðing	03.03.15 17.03.15
15-011 Sólheimajökulsvegur (221), Hringvegur - Þjónustuhús og Landeyjavegur (221), Hringvegur - Uxahryggur I	16.02.15 03.03.15
15-022 Hornafjörður, sjónvörn við Suðurfjöru	16.02.15 03.03.15
Útboð í forvalsferli	Auglýst: Opnað:
14-042 Bakkavegur Húsavík, Bökugarður - Bakki, forval jarðgöng og vegagerð	02.06.14 15.07.14
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
15-019 Stykkishólmur, breyting á ekjubrú	02.02.15 17.02.15
15-020 Norðfjörður, Togarabryggja - þekja og lagnir	02.02.15 17.02.15
15-005 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2015, blettanir með klæðingu	02.02.15 24.02.15
15-021 Efnisvinnsla á Austursvæði 2015-2016	02.02.15 17.02.15
15-014 Niðurrekstrarstaurar undir brú á Eskifjarðará	12.01.15 03.02.15
15-013 Húsavík, sjónvörn 2015	12.01.15 27.01.15
14-058 Sjóvarnir á Akranesi og Hvalfjarðarsveit	01.12.14 16.12.14

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
14-063 Grímsey, flotbryggja við Suðurgarð Katla ehf., byggingarfélag kt. 601285-0299	23.12.14	11.02.15
15-016 Akureyri, flotbryggjur í Sangerðisbót Króli ehf. kt. 470396-3349	27.01.15	11.02.15
14-062 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2015 Fossvélar ehf., 531271-0179	13.01.15	06.02.15

Niðurstöður útboða

Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2015, blettanir með klæðingu 15-005

Tilboð opnuð 17. febrúar 2015. Blettanir með klæðingu á Vestursvæði og Norðursvæði á árinu 2015.

Helstu magnþölur:

Blettun (k1) útlögn á Vestursvæði 150.000 m²

Blettun (k1) útlögn á Norðursvæði 135.000 m²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2015.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	80.386.000	100,0	1.808
2 Borgarverk ehf., Borgarnesi	80.068.000	99,6	1.490
1 Blettur ehf., Mosfellsbæ	78.577.930	97,8	0

Norðfjörður, togarabryggja - þekja og lagnir 15-020

Tilboð opnuð 17. febrúar 2015. Hafnasjóður Fjarðabyggðar óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir og magnþölur eru:

Bygging rafmagns- og vatnshúss

Ídráttarrör fyrir rafmagn

Leggja vatnslagnir og koma fyrir vatnsbrunni

Steypa þekju, 1.465 m²

Verkinu skal lokið eigi síðar en 12. júní 2015.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
- Áætlaður verktakakostnaður	46.431.050	100,0	7.845
2 P.S. Verktakar ehf., Egilsstöðum	44.928.941	96,8	6.343
1 Nestak ehf., Neskaupstað	38.586.100	83,1	0